Kristín Birna Ólafsdóttiru, úr ÍR, setti Íslandsmet í fimmtarbraut kvenna þegar hún hlaut 3843 stig í San Diego í lok febrúar árið 2006 en góð frammistaða Helgu Margrétar á Meistaramóti Íslands um þar síðustu helgi gaf til kynna að hún gæti hugsanlega slegið metið um helgina og það gerði hún og rúmlega það og hlaut 4018 stig. „Ég er mjög sátt með að hafa náð markmiði mínu, sem var að slá þetta met. Það var bara bónus að hafa farið yfir fjögur þúsund stig þar sem ég hafði verið að berjast við flensu í byrjun vikunnar,“ sagði Helga Margrét sem var í heildina ágætlega sátt með árangur sinn í stökum greinum.

„Ég var rosalega ánægð með hástökknið og kúlan var líka fin en annað var bara svona allt í lagi,“ sagði hin efnilega Helga Margrét sem gerði sér lítið fyrir og sigraði allar keppnisgreinar sínar

KRAFTMIKIL
Helga Margrét varpaði kúlunni 13,24 metra.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Á FLEYGIFERÐ Helga Margrét er hér að keppa í 60 metra grindarhlaupi þar sem hún sigraði á tímanum 8,90 sekúndum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



nema eina. Helga Margrét er fædd árið 1991 en er þegar búin að setja sér skýr markmið upp á framhaldið að gera.

„Þátttaka í Ólympíuleikum er að sjálfsögðu markmið mitt í framtíðinni hvort sem það verður árið 2008 eða ekki,“ sagði Helga Margrét ánægð. Fyrirfram var búist við harðri

keppni í sjöbraut karla á milli Þorsteins Ingvarssonar úr HSP og Einars Daða Guðmundssonar úr ÍR en Sveinn Elías Elíasson úr Fjölni tók ekki þátt í mótinu vegna meiðsla. Þorsteinn sigraði á endanum nokkuð örugglega og hlaut 5129 stig. Þorsteinn var ágætlega sáttur í lok mótsins.

„Þetta byrjaði ágætlega en svo tók upp sig smá meiðsli í ökkla í hástökkinu og ég missti nokkur stig þar. Ég hef reyndar verið að eiga við meiðsli í nára líka þannig að ég get eflaust verið nokkuð ánægður í heildina lítið,“ sagði Þorsteinn.
omar@frettabladid.is

Meistaradeildin í handbolta: GOG tapaði í Ungverjalandi

HANDBOLTI Dönsku meistararnir í GOG Svendborg, sem Snorri Steinn Guðjónsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson leika með, töpuðu naumlega 34-33 gegn ungverska liðinu Pick Szeged á útivelli í Meistaradeild Evrópu í gær. Snorri Steinn misnotaði vítakast í stöðunni 33-33 þegar örfáar sekúndur lifðu leiks og Ungverjarnir skoruðu svo síðasta mark leiksins í blálokin.



SIGURVEGARAR Guðmundur og Magnea fóru með sigur í Grand Prix-móti í borðtennis um helgina.
MYND/PÉTUR STEPHENSEN

Grand Prix-mót í borðtennis: Guðmundur og Magnea unnu

BORÐTENNIS Guðmundur E. Stephensen og Magnea Ólafsson úr Víkingi unnu Grand Prix-mót Lýsingar sem fram fór í TBR-húsinu við Gnoðarvog um helgina.

Guðmundur vann Magnús K. Magnússon úr Víkingi örugglega 4-0 í úrslitaleik í opnum flokki karla og Magnea hafði betur gegn Sunnu Jónsdóttur úr ÍFR 4-3 í spennandi úrslitaleik.

BROADWAY
MUSIC



Wham og George Michael í 25 ár

Næstu sýningar
23. febrúar
7. og 15. mars
5., 12. og 19. apríl

George Michael slær í gegn á Broadway

★★★★★ mbl.is

Helga Þórey Jónsdóttir gagnrýnandi Morgunblaðsins sagði um Wham og George Michael tónlistarsýninguna: „Á heildina lítið er sýningin besta skemmtun og ég mæli með henni“.

Glæsileg tónlistar- og danssýning

Glæsileg tónlistarsýning í tilefni 20 ára afmælis Broadway. Wham, **George Michael í 25 ár** og heitustu söngvararnir í dag, **Fríðrik Ómar** og **Jogvan** fara fyrir hópi dansara og stórhljómsveitar.

Verð á kvöldverði, sýningu og dansleik
Svæði I - 7400 kr Svæði II - 6900 kr



Stórdansleikur með Eurobandinu, Fríðrik Ómari og Regínu Ósk fram á nótt

Miðasala í síma 533 1100 (virka daga kl. 12-18)

BROADWAY
Skrautfjórðin í skemmtanalínu



SIGURMARKIÐ Hermann Hreiðarsson þjarmar hér að leikmönnum Preston eftir hornsþyrnu og Darren Carter skoraði sjálfsmark í kjölfarið.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Portsmouth tryggði sér farseðilinn í 8-liða úrslitin:

Hermann átti þátt í sigurmarkinu

FÓTBOLTI Tveir leikir fóru fram í 16-liða úrslitum FA-bikarsins á Englandi í gær þegar Portsmouth marði Preston 0-1 á útivelli en Sheffield United og Middlesbrough gerðu jafntefli og þurfa að mætast að nýju á Riverside-leikvanginum.

Leikur Sheffield United og Middlesbrough var mjög harður og leikmenn Middlesbrough gáfu ekkert eftir í baráttunni við 1. deildarlið sem er þekkt fyrir að vera líkamlega sterkt og spila fast.

Ekkert gekk hins vegar hjá liðunum að finna mark andstæðinganna og staðan var 0-0 í hálfleik. Alves fékk svo tækifæri til að sýna sig þegar hann kom inn á fyrir Mido þegar stundarfjórðungur lifði leiks en honum tókst ekki að skora frekar en öðrum leikmönnum á vellinum og niðurstaðan því 0-0 jafntefli. Liðið þurfa því að mætast aftur á Riverside-leikvanginum eftir rúma viku til að skera úr um hvort liðið komist í 8-liða úrslitin.

Hermann Hreiðarsson var í byrjunarliði Portsmouth gegn Preston í gær og spilaði í vinstri bakverðinum á nýjan leik eftir að hafa leyst stöðu miðvarðar um síðustu helgi í fjarveru Sylvains Distin.

Eftir markalausan fyrri hálfleik var það 1. deildarlið Preston sem réð ferðinni í seinni hálfleik. Preston fékk dæmda vítaspyrnu þegar Distin braut á Billy Jones, en David James sýndi snilli sína í markinu og varði vítaspyrnu Simons Whaley. James þurfti enn og aftur að koma til bjargar á 74. mínútu þegar Neil Mellor átti frábært skot sem markvörðurinn hávaxni þurfti að hafa sig allan við til að verja.

Allt stefndi í markalaust jafntefli og annan leik á Fratton Park þegar Hermann nokkur Hreiðarsson náði að stugga við boltanum eftir hornsþyrnu og í framhaldinu reyndi Darren Carter að hreinsa boltann í burtu en það tókst ekki betur en svo að hann negldi honum í eigið mark og tryggði Portsmouth sigur.

viðskipti/athafnalíf

Debet- vextir 4-12%

Neikvæð ávöxtun
gjaldeyris á árinu

NAFNÁVÖXTUN almennra de-
betkortareiknings bankanna á síðasta
ári var 4-12,06% til 13,06%

Langhæst var ávöxtunin hjá S24,

lægst hjá Sparisjóðnum.

Nafnávöxtun á verðtrygghum lífeyrisbókum var á bilinu 12,56-13,13% árið 2007 og er það nokkur hækkun frá árinu á undan þegar ávöxtunin nam 11,79-12,19%, miðal er við óhreyfða innsetu á tíma-
bilinu. Hæsta nafnávöxtun á lífey-
risreikningi var á Lífeyrisauka - Vista
5 hjá Kaupþingi og næstbest hjá Spari-
Netbankanum en lægst hjá Spari-

Nafnávöxtun á bankareikningum 2007 janúar - desember

m. v. óhreyfða innsetu

Vista hækkaði um 3,9% á ársgrundvall.

Kaupþingi banki	Landsbankinn	Giltirnir banki	Sparisjóðurinn
Debet.reikn. einst. 4,56%	Debet.reikn. alm. 4,57%	Debet.reikn. einst. 4,74%	Vidarþj.-sifur 4,15%
Sparisjóðsbók 4,56%	Verðan 0-250 þús. 8,61%	Vild 8,27%	Vidarþj.gulí/eðal 7,58-12,15%
Gulfbók 9,25%	Verðan >250 þús. 11,11%	Gulí/eðal 9,30%	Trompbók 7,47%
Metbók 10,25%	Kjörb., 2 þr. óvt. 10,79-11,42%	Tékkar Platinum 9,53-11,08%	Tromp. 12-60m 9,14-12,81%
Kostabók 9,42-13,32%	Vaxtareikn. óvt. 12,35-14,06%	Uppleið, grunnþrep 9,32%	Pen.mark.reikn. 11,9-13,17%
Eignalífeyrisbók 13,32%	Lífeyrisbók óverða: 14,06%	Uppleið, 6-36m 10,04-12,54%	Bakki 36/60 11,08-11,57%
Markaðsreikn. 9,43-13,32%	Vaxtar. Verðan 60 óvt. 13,49%	Heiðursmerki 13,08%	Vaxtavélta 11,85-12,33%
Sjórmúb. 12/08 11,08-12,35%	Verðan 60, >60 m.kr. 14,06%	Verðbréfareikn. 11,88-12,98%	Framðansjóður 12,54%
Búastöpi 48 12,82%	Landsb., 36/60 12,09-12,54%	Vaxtaþrep 1-5 12,76-14,07%	Lífval-1 12,56%
Framtíðabók 12,92%	Grunnur st. f. 2000 11,96-13,10%	Vaxtaþrep 16/60 11,96-13,10%	Áskriftareikn. 11,02%
Lífeyrisauki-Vista 5 13,13%	Framtíðargr. 12,78%	Lífeyrisauki-Vista 5 12,78%	VSK-reikningur 11,93%
Netbankinn	Spari-Netbankinn	Spari-Netbankinn	Byr
Debet.reikn. 5,99-13,72%	Debet.reikn. 5,99-13,72%	Debet/Gulí/eð. 11,96-13,44%	Debet.reikn. alm. 4,47%
Markaðsreikn. 12,31-14,59%	Markaðsreikn. 12,31-14,59%	Spam.reikn. 1. þr. 12,39%	Gulí/eðbet 7,78-11,81%
Verðb. reikn. 12,05-12,75%	Verðb. reikn. 12,05-12,75%	2. þrep: 13,60%	Tromp. 0-60m 7,49-12,81%
Framtíðareikn. 12,95%	Framtíðareikn. 12,95%	3. þrep: 14,63%	Gulí/eðareikn. 13,19-13,62%
Lífeyrisreikn. 12,95%	Lífeyrisreikn. 12,95%		Pen.mark.reikn. 11,9-13,18%
Ávöxtunareikn. 12,93%	Ávöxtunareikn. 12,93%		Bakki 36-60m 11,64-11,87%
			NET 60m 12,06%
			Framðansjóður 12,66%
			Lífval 12,66%
			Áskriftareikn. 12,03%
			VSK-reikningur 11,88%
			NET 3 þrep t. 12,56-12,96%



S24 með bestu innlánsvextina

Samkvæmt úttekt Morgunblaðsins á nafnávöxtun á bankareikningum 2007



Samkvæmt úttekt Morgunblaðsins á nafnávöxtun á bankareikningum 2007 var ávöxtunin langhæst á debetkortareikningum hjá S24.

Einnig var ávöxtunin hæst á sparnaðarreikningi S24.

Byrjaðu að spara á betri vöxtum...



Sæktu um... www.s24.is

> Tara Reid

„Fólk heldur að ég sé djamm-drottning Bandaríkjanna, sem er einfaldlega heimskulegt. Ég hef leikið í 24 myndum og get minn eigin sjónvarpsþátt,“ sagði Tara Reid eitt sinn, greinilega með allt sitt á hreinu. Hún leikur í myndinni Devil's Pound sem Stöð 2 sýnir í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON HORFIR TIL STJÖRNUHIMINS

Bubbi og Kalli hátt á skjánum skína

Til eru þeir sem skjótast upp á stjörnuhimininn um stundarsakir en lífa svo í gömlum glæðum lengi á eftir; þeir verða eins og stjörnuyk á stjörnuhimninum. Svo eru aðrir sem skína þar til eilífðaróns og þeir sem góna upp eru farnir að taka þeim sem jafn sjálfsgöðum hlut og sólinni sjálfri.

Mér eru minnisstæðar tvær slíkar stjórnur sem einmitt setja mark sitt á imbann um þessar mundir. Þetta eru þeir Bubbi Morthens og Karl Ágúst Úlfsson. Þó er nokkur munur á þeim tveimur því allir vita að lög og textarnir sem Bubbi syngur eru runnir undan rifjum hans sjálfs en ekki held ég að allir átti sig á því þrekvirkni sem Karl Ágúst vinnur í hverri viku til að matriða fréttir vikunnar að hætti glettinnar þjóðarsálar. Það er alveg með ólíkindum að hann geti hrist heilt Spaugstofuhandrit fram úr erminni í hverri viku og aldrei falla úr þeim sessi að



þjóðin sættir sig aldrei við minna en það allra besta. Þeir sem leggja við brageyru geta svo auðveldlega heyrt að enginn leirburður líður úr tækjunum þegar Spaugstofumenn klæða fréttirnar í tónlistarúning. Við sem minna bárum úr bítum þegar skaparinn skammtaði sköpunargáfunni megum þakka fyrir að ná því að setja saman eina stöku í viku.

Auðvitað heyrum við í (stjörnu)spekingum sem finnst að geislar Spaugstofumanna séu farnir að pirra þá. Í pirringi sínum segja þeir að Spaugstofan sé orðin þreytt. Kannanir benda þó til allt annars. Þegar ég heyrir svona málflytning reyni ég að rifja upp orð Péturs en þau gætu reynst bót fyrir bólsýnismenn. Hann söng einhvern veginn á þessa leið: „Úr bæ nú burt er vetur og birtan myrkið étur og gamall draumur getur ennþá ræst. Svo her't upp hugann Pétur þú heimska sóðatetur, það gengur bara betur næst.“

EKKI MISSA AF



▶ **19.40 Bristol City-Crystal Palace** SÝN 2



▶ **20.00 One Tree Hill** SKJÁREINN



▶ **20.00 Wall Street** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.15 Criminal Minds** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45 Crossing Jordan** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Tákn málsfréttir
17.30 Hanna Montana
17.53 Skritin og skemmtileg dýr
18.00 Myndasafnið
18.01 Gurra grís
18.06 Lítill prinsessa
18.17 Halli og risaeðlufatan
18.30 Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.20 Kerfi Pútins (2:2)
▶ 21.15 Glæpahneigð (39:45) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Mandy Patinkin, Thomas Gibson, Lola Glaudini og Shemar Moore. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

22.00 Tíufréttir
22.20 Sportið
22.45 Flokksgæðingar (7:8) (Party Animals) Bresk þáttaröð um unga aðstoðarmenn og ráðgjafa í stjórnerfinu í Westminster.
23.40 Spaugstofan
00.05 Kastljós
00.45 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Wall Street
08.05 Coach Carter
10.20 Buena Vista Social Club
12.00 Snow Wonder
14.00 Coach Carter
16.15 Buena Vista Social Club
18.00 Snow Wonder
▶ 20.00 Wall Street Aðalhlutverk: Charlie Sheen, Daryl Hannah og Michael Douglas. Leikstjóri: Oliver Stone. 1987. Leyfð öllum aldurshópum.
22.05 Life Support
00.00 Deeply
02.00 The Clearing
04.00 Life Support



07.00 Barnatími Stöðvar 2 Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar
08.10 Oprah
08.50 Í fínu formi
09.05 The Bold and the Beautiful
09.25 La Fea Más Bella
10.10 Sisters (17:22) (e)
10.55 Joey (16:22)
11.20 Örlagadagurinn (25:30)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours
13.10 Numbers (2:24)
13.55 Monsieur N
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Galdrastelpumar, BeyBlade, Tracey McBean 2, Froskafjör, Litlu Tommi og Jenni Leyfð öllum aldurshópum.
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag og íþróttir
19.25 The Simpsons (7:22) (e)
19.50 Friends (21:24) (Vínir)
20.15 American Idol (9:42) Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörnu en fram að þessu hafa sigurveggar kepnninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir plötu.

21.00 American Idol (10:42)
▶ 21.45 Crossing Jordan (10:17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavanaugh og féлага hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Þættirnir eru framleiddir af hinum sömu og framleiða Las Vegas.
22.30 Man Stroke Woman (1:6)
23.00 Devil Pond Tara Reid sýnir snilld-artakta í þessum sálfræðitrylli.

00.35 NCIS (21:24)
01.20 Most Haunted (7:14)
02.10 Hustle (2:6)
03.05 Monsieur N
05.10 The Simpsons (7:22) (e)
05.35 Fréttir og Ísland í dag
06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SÝN besta sætið

07.00 FA Cup 2007 (Preston - Portsmouth)
13.55 FA Cup 2007 (Sheffield Utd - Middlesbrough)
15.35 FA Cup 2007 (Preston - Portsmouth)
17.15 FA Cup 2007 (Bristol Rovers - Southampton)
18.55 NBA - All Star Game Útsending frá Stjörnuhimninum þar sem allar skærustu stjórnur NBA mættu til leiks.
20.55 Inside Sport Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
21.20 Þýski handboltinn Öll helstu tilþrifu úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
22.00 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll undeirdu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.
22.45 Utan vallar
23.30 Heimsmótariðin í póker

SÝN 2

17.40 Season Highlights (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
18.40 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
▶ 19.40 Coca-Cola Championship (Enska 1. deildin) Bein útsending frá leik Bristol City og Crystal Palace í ensku 1. deildinni.
21.40 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
22.10 Ensku mörkin Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
23.10 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar)
23.40 Coca-Cola Championship Útsending frá leik Bristol City og Crystal Palace

SKJÁREINN

08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
11.00 Annað - Árshátíðarmyndband Keðjunnar
12.00 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 Rachael Ray
18.30 The Drew Carey Show (e)
19.00 Giada's Everyday Italian (e)
19.30 Everybody Hates Chris (e)
▶ 20.00 One Tree Hill Lucas verður að horfast í augu við fortíð sína og velja hvaða braut hann vill feta í framtíðinni þegar álagið sem fylgir því að vera þjálfari Tree Hill Ravens fer að segja til sín. Haley ákveður að ráða barnfóstru en fyrsti dagurinn í kennslunni reynist óðrúvis en hún bjóst við.
21.00 Bionic Woman (3:8) Hröð og spennandi þáttaröð um hörkukvendi sem býr yfir einstökum eiginleikum. Jamie fær það verkefni að gæta dóttur kanadísks mállíða. Á sama tíma verður hún að ákveða hvort hún eigi að hjálpa Sarah Corvus í baráttunni við hennar innri djöfla.

22.00 C.S.I. New York (23:24) Bandarísk sakamálaferia um Mac Taylor og féлага hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Skapstíra tennisstjarnan John McEnroe er grunaður um morð þrátt fyrir að vera með fjarvistarsonnun eftir að sönnunargögn og framburður vitna bendir til þess að hann sé morðinginn. John McEnroe leikur sjálfan sig í þættinum.

22.50 Jay Leno

23.35 The Drew Carey Show

00.00 Dexter (e)

00.50 The Dead Zone (e)

01.40 NÁTHRAFNAÐ

01.40 C.S.I. Miami

02.25 Less Than Perfect

02.50 The World's Wildest Police Videos - Lokapáttur

03.40 Vörutorg

04.40 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Besti afþreyingarvefurinn 2007

Samtök vefiðnaðarins völdu visir.is besta afþreyingarvefnum fyrir árið 2007.

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn sem hlýtur verðlaunin Afþreyingarvefur ársins 2007 er í senn fræðandi, áhugaverður, yfirgripsmikill og vinsæll en hefur um leið mikið afþreyingargildi. Vefurinn inniheldur allt sem góður afþreyingarvefur þarf að hafa, vel unninn texta, gott myndmál, útlit og hversu þetta er sjónvarpsefni, sem og síaukna aðkomu notenda, sem er eitt af því sem skiptir sífellt meira máli hjá framsæknum vefjum í dag. Vefurinn verður að teljast inni í daglegum rúnti íslenskra netverja enda einn af fjölsóttustu vefjum landsins.“



visir.is
...ég sá það á visir.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.30

Man Stroke Woman

Önnur sería þessa drep-fyndna breska grínþáttar. Þátturinn er settur upp með stuttum atriðum sem fjalla á einn eða annan hátt um samskipti kynjanna en honum hefur verið lýst sem blöndu af Sketch Show og Little Britain.



VIÐ MÆLUM MED

Kerfi Pútíns Sjónvarpið kl. 20.20

Frönsk heimildarmynd í tveimur hlutum um Vladímír Pútín Rússlandsforseta og feril hans. Rætt er við ýmsa embættis- og stjórnmálamenn, fræðimenn og andófsmenn í útleð og ris Pútíns til valda lítið gagnrýnum augum. Í kvöld verður sýndur seinni hluti myndarinnar en fyrri hlutinn var vægast sagt áhugaverður.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.45 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 08.00 Morgunfréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Stefnumót
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 13.00 Vítt og breitt
- 14.03 Bak við stjórnurnar
- 15.03 Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stjörnuvíkingur
- 21.20 Kvika
- 22.07 Veðurfregnir
- 22.12 Lestur Passíusálma
- 22.19 Afsprengi
- 23.10 Lárétt eða lóðrétt
- 00.07 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS


- 16.00 Hollyoaks
- 16.30 Hollyoaks
- 17.00 Totally Frank
- 17.25 Falcon Beach
- 18.15 X-Files (10:24)
- 19.00 Hollyoaks
- 19.30 Hollyoaks
- 20.00 Totally Frank (21:26) Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hjómsveit og reyna að slá í gegn.
- 20.25 Falcon Beach
- 21.15 X-Files (10:24)
- 22.00 Pushing Daisies - NÝTT (2:22) Besti nýi þáttur vetrarins. Gagnrýnendur og blaðamenn eru á einu máli. Pushing Daisies er einn af þessum örfáu þáttum sem eru allt í senn einstaklega frumlegir, vandadír, rómantískir, spennandi, myndnir og umfram allt skemmtilegir. Þættirnir eru einskonar nútíma ævintýri. Ævintýri um ungan mann sem allt frá barnsaldri hefur búið yfir þeirri einstöku náðargáfu að geta vakið fólk til lífs með sneringunni einni. Vandinn er að vilji þeir sem hann lífgar við halda lífi, þá þarf að fórnar öðru lífi á móti.
- 22.45 Cold Case (5:23)
- 23.30 Prison Break (12:22)
- 00.15 Sjáðu
- 00.40 Extreme: Life Through a Lens (2:13)
- 01.25 Lovespring International (7:13)
- 01.50 Big Day (7:13)
- 02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

- INN**
- 20.00 MÉR FINNST... Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen.
 - 21.00 Guðlaugur Þór Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðgjafi spjallar um viðhorf sín til heilbrigðismála.
 - 21.30 Hvað ertu að hugsa? Umsjónarmaður er Guðjón Bergmann.

- DR 1**
- 11.00 TV Avisen 11.10 21 Söndag 11.50 Aftenshowet 12.15 OBS 12.20 Guide til veirs 12.50 DR1 Dokumentaren - Ravstøre 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med Vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Hjerteflimmer - det bedste af det bedste 15.30 Robotboy 15.45 Troldspeilet 16.15 Den lille Julemand 16.30 Jul i Svinget 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Søren Ryge - Manden og ørnen 19.00 Michael Palin i det nye Europa 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Efter Thomas 22.35 OBS 22.40 Seinfeld 23.05 Hjerteflimmer - det bedste af det bedste

- NRK1**
- 11.10 Kjempekrabbenes invasjon 11.40 Grosvold 12.20 Åpen himmel: Engler i advent 12.50 Med hjertet på rette staden 13.40 Urter 14.00 Newton 14.30 Erstatterne 15.00 Absalons hemmelighet 15.30 Supermusikk 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Barnas superjul 17.30 Kattakaj og BenteBent 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Berre ein gris 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.35 Jane Eyre 21.30 Store studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Kriminalsjef Foyle 23.55 Nytt på nytt 0.25 Kulturnytt

- SVT 1**
- 11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 12.45 Karriär 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Ramp 16.30 Krokmax 17.00 Bolibompa 17.25 Min förskola 17.30 Julkalendern: En riktig jul 17.45 Hjämnkontoret 18.00 Bobster 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Andra Avenyn 19.30 Föreställningar 20.30 Kobra 21.00 En pappas kamp 22.00 Rapport 22.10 Kulturnyheter 22.20 Babben & co 23.20 Vita huset 0.05 Sändningar från SVT24



Allt sem þú þarft... ...alla daga

Kompudagar í smáauglýsingunum

18.– 29. febrúar. Verð frá 990 kr.

Ertu að drukna í drasli? Vantar þig pláss? Er grillið fast í geymslunni? Er ekki kominn tími á vorhrein-gerningu? Skráðu smáauglýsinguna á visir.is eða hringdu í síma 512 5000 og seldu gamla dótið með lítilli fyrirhöfn.



„Ég er ekki alveg nógu dugleg að borða morgunmat þessa dagana en þegar ég get þá borða ég haftraut. Eg fæ mér samt alltaf kaffi. Stundum borða ég náttúrulegt, hvítt jógúrt og saxa lífræna dvexti út í.“

Halla Vilhjálmssdóttir leikkona.

Tólf tónar taka Leoncie opnum örmum

„Við vorum að fá diskinn í hús og mér sýnist þetta vera mikið meistaraverk,“ segir Lárus Jóhannesson hjá Tólf tónum en þeir hafa tekið að sér að dreifa nýjustu afurð indversku prinsessunnar Leoncie, Pukki Bollywood Baby. Leoncie hefur hingað til notfært sér þjónustu Senu en að sögn Leoncie slettist upp á vinskap þeirra og hún ákvað að snúa sér til plötubúðarinnar á Skólavörðustígnum. „Við tókum henni að sjálfsgöðu fagnandi,“ bætir Lárus við en Jóhannes Ágústsson og hún þekkjast vel frá fornu fari, allt frá dögum Japís.

Lárus segir að Leoncie taki sjálfa sig mjög alvarlega sem listamann, hún sé stanslaust að



ÁNÆGÐIR Lárus og félagar í Tólf tónum eru ánægðir með nýja diskinn og segja hann meistaraverk.

semja nýja tónlist, dreifa henni og markaðssetja. „Því miður er hún flutt til Essex í Bretlandi því það voru alltaf skemmtilegir dagar þegar kom að uppgjörinu enda mætti hún uppstríluð og flott,“

segir Lárus en bætir því við að Leoncie eigi sér trúan og tryggan aðáendahóp. „Það má eiginlega skipta þessu í tvennt: annars vegar eru það þeir sem hafa gaman af þessu og hins vegar þeir sem hafa engan húmor fyrir tónlist hennar.“

Af Leoncie er það hins vegar að fréttu að hún var nýverið á Indlandi að taka upp myndband við lagið Enginn þríkantur hér.



Sagðist hún í samtali við Fréttablaðið að myndbandið ætti bráðum að verða tilbúið. Fyrir þá sem vilja stytta sér biðina má benda á heimasíðuna www.youtube.com/icyspicyleoncie en þar má sjá gömul og sígild myndbönd á borð við Man! Let's Have Fun, Radio Rapist og Sexy Crazy Cop.

- fgg

LEONCIE Hefur tekið upp samstarf við Tólf tóna en þar má fá nýjasta diskinn hennar, Pukki Bollywood Baby.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. skál 6. belti 8. rjúka 9. besti árangur 11. í röð 12. safna saman 14. skýli 16. utan 17. óhróður 18. frjó 20. frú 21. borg í Portúgal.

LÓÐRÉTT

1. mats 3. kusk 4. kynlíf 5. efni 7. limlesta 10. hald 13. gæfa 15. innnyfla 16. upphrópun 19. kind.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. dóms, 3. íó, 4. ástallí, 5. tau, 7. lemstra, 10. tak, 13. lán, 15. íóra, 16. úff, 19. ær.

LÁRÉTT: 2. ílát, 6. ól, 8. ósa, 9. mef, 11. tu, 12. smala, 14. skáli, 16. út, 17. nið, 18. fræ, 20. fr, 21. faró.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Páll Winkel
- 2 Egil Helgason
- 3 Kryddpiurnar

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

ÞORLEIFUR ARNARSSON: SETUR UPP KLUKKUSTUNDARLANGAN HAMLET

Í útungunarstöð nýnasista

Þorleifur Arnarsson hefur tekið að sér heldur óhefðbundni verkefni samfara námi sínu í Berlín. Hann mun leikstýra uppsetningu á kvikmyndinni Gegen Die Wand eða Hlaupa á vegg eftir tyrknesk-þýska leikstjórnann Fatih Akin en hún hlaut silfurbjörninn í Berlín árið 2004. Verkið verður sett upp í borgarleikhúsi Mecklenburgarfylkis í höfuðborginni Schwerin sem talin er vera ein nýjasta og mesta útungurstöð nýnasista í Þýskalandi.

Þorleifur var þó hvergi banginn þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Helsti hausverkurinn hans núna var klukkustundarlöng útgáfa af meistaraverkinu Hamlet en það er hluti af námi hans í leikstjórn. „Hamlet er fimm klukkustunda leikverk og þetta er því nokkuð snúið enda verður allt að komast til skila,“ segir Þorleifur.

En það er verkið Gegen die Wand sem er næsta prófraun Þorleifs. Og hann viðurkennir að þetta sé mikil áskorun. Í Schwerin séu til að mynda engir háskólar þrátt fyrir að hún sé höfuðborg fylkisins og aðeins tvær stéttir: annars vegar vellauðug borgarastétt og hins vegar bláfátækir verkamenn. Jarðvegurinn fyrir nasisma og heildarlausnir þeirra fyrir hinn aríska kynstofn er því prýðilegur þarna í borginni sem tilheyrði Austur-Þýskalandi. „Auðvitað birtast nýnasistar á



STJÓRNAD AF JAKKAFATAKÖLLUM Nýnasisma hefur vaxið fiskur um hrygg í austurhluta Þýskalands enda mikið atvinnuleysi þar meðal ungs fólks.



LEIKSTYRIR MEÐAL NÝNASISTA Þorleifur Arnarsson setur upp leikverk byggt á kvikmyndinni Gegen Die Wand í Schwerin þar sem nýnasismi er í miklum blóma.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

götum úti, nauðasköllóttir í hermannaskóm en þegar öllu eru á botninn hvolft er þeim enn sem fyrr stjórnað af körlum í jakkafötum,“ útskýrir Þorleifur en nýnasistaflokkurinn hlaut tæp tíu prósent í síðustu kosningum í fylkinu. „Ef slíkt gerðist á Íslandi væri það væntanlega skandall og þetta varð vissulega skandall hérna líka,“ bætir hann við.

Þorleifur ætlar ekki að hika við að reyna að spegla samfélag borgarinnar inn í leikverkið en segist ekki vera farinn að leiða hugann að þessu strax. Fyrst sé það Hamlet á klukkustund. Þorleifur reiknaði hins vegar með að fara til Schwerin eftir tvær vikur og vera þar í sex vikur meðal helstu nýnasista Þýskalands.

freyrgiggja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eftir hina sérkennilegu niðurstöðu Samkeppnisfirlitsins þess efnis að Forlagið þurfi meðal annars að láta frá sér ritsafn Halldórs Laxness og Orðabókina er hafið ferli við að finna verðmiða á þessi menningarverðmæti. Skipaður hefur verið umsjónarmaður með söluandlaginu en fáist ekki viðunandi verð eða væntanlegur kaupandi geti ekki sýnt fram á að hann sé traustsins verður fara verkin hvergi. Meðan þessu fer fram er stjórnarformaðurinn Jóhann Páll Valdimarsson hinn áhyggjulausasti og nýtur lífsins í Dóminíska lýðveldinu.



Paparnir hafa hætt störfum og hinir flinku tónlistarmenn hafa snúið sér að öðru. Þannig er í nægu að snúast hjá Eysteini Eysteinsyni, trommaranum góða, en hann hefur verið að taka nokkur „gigg“ með Einarí Ágústi á þorablótum. Dauðaleit stóð yfir að Annþóri Kristjáni Karlssyni á föstudaginn og meðal annars hringdu haukarnir á Vísi í Einar Ágústi í órvæntingu sinni og spurðu um Annþór. Einar Ágúst hafði húmor fyrir því, sagðist einmitt vera með honum í partíi og þóttist rétta símann einhverjum ímynduðum vini sínum.

Magnús Geir Þórðarson, nýráðinn leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur, er þegar farinn að taka til hendinni. Og heyrst hefur að hann sé þegar búinn að tryggja sér stabba góðra leikara til að koma í Borgarleikhúsið. Mun Ólafur Darri Ólafsson vera einn þeirra en um er að ræða slíkar kanónur að þær muni ekki sætta sig við nein tæxtalaun.

- jbg

Heldur þorablót fyrir Hollendinga

Hollendingum býðst að sækja þorablót að íslenskum sið í Amsterdam laugardaginn 23. febrúar. „Við höfum gengið með þessa hugmynd í mörg ár,“ segir Gerður Pálmadóttir, sem rekur galleríð Hot Ice í Amsterdam, þar sem hún hefur verið búsett í átján ár, og stendur að þorablóttinu ásamt Svanhvíti Gunnarsdóttur.

Gerður á von á um 150 hollenskum matargestum í húsnæði á svæði Westergasfabriek í Amsterdam, og býst við um tvö hundruð gestum til viðbótar á ballið sem haldið verður á eftir veislunni. Boðið verður upp á harðfisk, flatkókur og hákarl í forrétt, en aðalrétturinn verður í formi fjallalams með íslenskum kryddjurtum. Súrsaðir hrútsþungar og annað góðgæti sem iðulega er haft um hönd á þorablótum verður þó víðs fjarri. „Súri maturinn er greinilega

talið óæti annars staðar í Evrópu, og það er ólöglegt að flytja þetta inn. Fólk verður að fara til Íslands til að láta eittra fyrir sér,“ segir Gerður og hlær við. „Hjá okkur er stemningin samt aðalmálið, og þar að auki mun brennivínið fljóta hérna,“ segir Gerður, sem segist hafa fundið fyrir miklum áhuga á blóttinu.

Gerður setur stefnuna á að gera blóttið að árlegum viðburði, og segir viðburð sem þennan vel til þess fallinn að vekja áhuga á Íslandi og íslenskum hefðum á erlendri grundu. Hún sér einnig fyrir sér að blóttið verði góður vettvangur til að kynna íslenska menningu og tónlist, en skemmtikrafta á þessu fyrsta blótti verða Ragnhildur Gísladóttir og Hilmar Örn Hilmarsson. Veislustjórar verða Eiríkur G. Stephensen og Hjörleifur Hjartarson úr hljómsveitinni Hundi í óskilum.

- sun



EKKERT ÓÆTI Á ÞORABLÓTI Ekkert verður um súra hrútsþunga á þorablóttinu í Amsterdam, þar sem bannað er að flytja þá inn, en Gerður segir stemninguna vera aðalatriðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ARCTIC WEAR
Vinnuföt - Hlíðarföt

ÚTSALA

Kuldagallar
40% afsláttur
Stærðir S - 4XL

Góður vinnufélagi

Vesturvör 7 • 200 Kópavogur • Sími: 534-2900
www.aw.is

Ódýrasta GSM



Frelsið ódýrast hjá SKO

Farsímanotanda af yngri kynslóðinni er best borgið hjá SKO, samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins. Mest þarf hann að borga hjá Vodafone og Símanum. Fimmtíu prósentu munur er á hæsta og lægsta verði.

SKO býður upp á ódýrustu farsímaþjónustuna fyrir dæmigerðan notanda af yngri kynslóðinni. Dýrust er þjónustan hjá Vodafone og Símanum. Þetta er niðurstaðan í verðkönnun Fréttablaðsins.

Verðskrár hjá fjarskiptafyrirtækjum geta verið aði flóknar og gert neytendum erfitt um vik að bera saman verð á þjónustu milli fyrirtækja. Til að einfalda samanburðinn í verðkönnun Fréttablaðsins var búinn til ímyndaður farsímanotandi, sem notast jafnt við SMS sem símtöl til að vera í sambandi við aðra og er með fyrirframgreitt frelsiskort í stað hefðbundins sífrennings.


Notandinn hringir úr farsímanum sínum í tíu mínútur á dag, og er hvert símtal að meðaltali tvær mínútur að lengd. Það gerir samtals 150 símtöl á mánuði, þar sem hann talar í 300 mínútur. Fjöldi símtala hefur áhrif á upphafsgjald, sem er einn af kostnaðarliðunum.

DÆMIGERÐ NOTKUN

Viðskiptavinur af yngri kynslóðinni	
Mínútur á mánuði	300
- í heimasíma	150
- í farsíma utan kerfis	75
- í farsíma innan kerfis	75
- Þar af í farsíma	25
SMS á mánuði	300

VERÐSAMANBURÐUR Á FARSÍMAÞJÓNUSTU

Mánaðarlegur kostnaður miðað við dæmigerða notkun



HEFILLDIR, VERÐSAMANBURÐUR FARSÍMAÞJÓNUSTU
ÖRNEMT BY AÐ HÉA TL, VERÐKÖNNUNAR REITABLAÐSINS Í ALLU FYRIRGANGI NENNA ÁRS 1991

Símtölin skiptast jafnt á milli farsíma og heimasíma; notandinn hringir í 150 mínútur á mánuði í farsíma og 150 mínútur í heimasíma. Símtöl í farsíma skiptast þannig að helmingurinn er í farsíma innan sama kerfis, eða 75 mínútur, og hinn helmingurinn í farsíma utan kerfisins. Af mínútunum 75 sem eru í farsíma innan kerfis eru 25 þeirra þó í skráða farsímafini.

Þess utan sendir notandinn tíu SMS á dag, eða 300 á mánuði. Í verðskrár fjarskiptafyrirtækjanna er ekki gerður greinarmunur á SMS-sendingum innan og utan kerfis.

Miðað við þessa notkun er mán-

adargjaldið lægst hjá SKO, eða 6.241 króna. Næstlægst er það hjá Nova, eða 7.606 krónur. Næst á eftir kemur Síminn með 9.275 krónur, og að lokum Vodafone með 9.459 krónur sem er hæsta verðið.

Til að einfalda verðsamantölunni var ekki tekið tillit til sértílbóta sem gilda fyrir ákveðna dagsetningu. Aðeins var farið eftir verðskrá fyrirtækjanna miðað við notkun dæmigerðs notanda.

Ekkí var heldur gerður greinarmunur á símtölum í Nova-farsíma og símtölum í aðra farsíma utan kerfis, en Síminn og Vodafone rukka meira fyrir símtöl í farsíma í Nova-kerfinu.

salvar@frettabladid.is

Verðkönnun Fréttablaðsins 14. febrúar 2008

Skiptu núna á **sko.is**
 – það kostar ekkert að færa númerið yfir.

SKO

Tala meira. Borga minna.


BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar


Harmsaga auðmanns

Fyrir ellefu árum varð Skotinn John McGuinnes fyrir því óláni að vinna ógrynni fjár – um tvo milljarða íslenskra króna – í lottói. Þegar McGuinnes var orðinn ríkur gerði hann ýmsa skynsamlega og skemmtilega hluti. Til dæmis fjárfesti hann fyrir 540 milljónir í uppáhaldsfótboltafélaginu sínu, Livingstone (ekki Huddersfield), og kom rausnarlega fram við ættingja og vini. McGuinnes hafði tröllatru á fasteignamarkaði og keypti hús í Skotlandi og niðri við Miðjarðarhaf. Svo splæsti hann í Jagúar, skartgrip og annað smálegt sem milljónamæringar þurfa að eiga.

ÞVÍ MIÐUR fór allt í handaskolum hjá fótboltafélaginu og á endanum tók McGuinnes lán með veði í eignum sínum til að koma klúbbnum til hjálpar. Fasteignirnar skiluðu ekki heldur áætluðum hagnaði, það féll á skartgripina og Jagúarinn bilaði. Þessi vesalings maður er nú allslaus og lifir á bótum frá samfélaginu. Þar að auki skuldar hinn fyrrverandi auðkýfingur 270 milljónir en hafði séð vel út úr skuldum áður en hann varð ríkur.

ÞESSI SORGARSAGA kemur Íslendingum að sjálfsgöðu ekki nokkurn skapaðan hlut við. Íslensk auðsæld byggist ekki á spilafíkn og lottóvinningum heldur á viðskiptaviti og vinnusemi. Þótt Skotar kunni ekki með fé að fara mundi engum Íslendingi detta í hug að gera sig að fífla með nýfengnu ríkidæmi.

PERSÓNULEG RAUNASAGA Skotans sem fór með auð sinn til andskotans segir okkur aðeins að að léttfengið fé er laust í hendi. Það er því ástæða til að vara láglaunafólk og ellilífeyrisþega við því að ofmetnast yfir því óverðskuldaða ríkidæmi sem næstu kjarasamningar færa mannskapnum og steypa sér í bílfi. Skynsamlegast hefði verið að taka enga áhættu og semja um óbreytt kjör, enda eru meira að segja launin á Litlahrauni svo há að lögreglan okkar þarf að nota rafbyssur og piparúða til að verjast Lettum og Lithaugamönnum sem heimta að komast í vinnu á letigarðinum. Sagan af Skotanum nýrika segir okkur aðeins að peningar eru betur komnir í höndum auðmanna en fátæklinga sem ekki kunna með fé að fara. Annars væru þeir ekki fátæklingar. Eða eins og máltækið segir: Margur verður af aurum api.



GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn
18. febrúar, 49. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 9.15	13.42	18.09
Akureyri 9.07	13.26	17.47

Heimild: Almanak Háskólans

ISUZU D-MAX

ISUZU

PALLBÍLL MEÐ HÚSI Á FRÁBÆERU VERÐI

KOMDU OG REYNSLUAKTU SJÁLFSKIPTUM 3.0 LÍTRA DÍSIL ISUZU D-MAX

Nýr Isuzu D-Max er einn hagstæðasti og best útbúni farkostur sem völ er á. Ný aflmikil 3.0 lítra dísilvél með 3000 kg dráttargetu, aksturstólva, ABS-hemlakerfi, þokuljós, hraðastillir, útvarp og geislaspilari með 6 hátölurum, loftkæling og margt fleira. Nú fæst Isuzu D-Max með pallhúsi á frábæru verði.

ISUZU D-MAX MEÐ HÚSI

 aðeins: **2.990.000 kr.** sjálfskiptur


35" BREYTTUR MEÐ HÚSI

 aðeins: **3.780.000 kr.** sjálfskiptur

GERÐU SAMANBURÐ

	Isuzu D-Max	Hilux
Vélarstærð	3.0 l	3.0 l
Hámarkstog (Nm/snm)	360/1.800-3.600	343/1.400-3.400
Dráttargeta (tengivagn m. hemlum)	3.000 kg	2.250 kg
Verð með sjálfskiptingu	2.890.000 kr.	3.455.000 kr.

ENNEM / SIA / NM32209


 Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000
Akureyri, Óseyri 5, 464 7940

Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanföllum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavinum sínum. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

 Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808
